

Íbúafundur

Íbúafundur haldinn í Múla. Fundur hófst kl 14:00.

Mætt voru: Hverfisráðið: Halla Ingólfssdóttir, Bjarni Reykjalín Magnússon og Karen Nótt Halldórsdóttir auk íbúa. Samtals 14 manns sátu fundinn.

Dagskrá:

1. **Vegagerð:**

Heyrst hefur að búið sé að semja við menn að koma í vegina í apríl. Íbúar óska eftir staðfestingu á því.

2. **Hafnargjöld:**

Áhugi er fyrir því hjá íbúum að hafnargjöld verði endurskoðuð m.a. gerður samburður við önnur hafnargjöld hjá Hafnarsamlaginu.

3. **Gámasvæðið:**

Óskað er eftir því að plan undir ruslasvæði verði steipt eða malbikað. Hingað til hefur verið þar malarplan og er þ.a.l. drullusvað mestan hluta árs. Þessi ósk hefur komið fram áður, m.a. í fundargerð 40. fundar 14. febrúar 2023.

4. **Tjaldsvæðið**

Óskað er eftir því að aðstaða á tjaldsvæði verði bætt. Tjöldum er nú ætlaður staður austan megin við sundlaugarhús, en þar þarf bæði að slétta og verja fyrir vind, en ríkjandi austanátt er í eygni, hvort sem væri með skjólvegg eða landfyllingarhólum. Pláss er fyrir um þrjú ferðahýsi að framanverðu sem þýðir að ferðamenn með hýsi og vagna neyðast í raun til þess að koma sér fyrir á bílastæði fyrir framan sundlaug vegna þess að hvergi annars staðar er nægilega slétt. Vísa hér í 38. fundargerð þann 24. júní 2022, þar sem sama mál var rætt.

5. **Umferðamál:**

Óskað er eftir því að settar verði stikur þar sem ljósastaurum sleppir á vegum, t.d. frá Borgum að vita.

6. **Önnur mál:**

*Umræða um þjóðlendumál. Munur á þjóðlendu og friðlendu: "Þjóðlenda er skilgreind í þjóðlendulögum sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunnir að eiga þar takmörkuð eignarréttindi". Eignarland er hins vegar „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma". Íbúar hvattir til þess að finna skjöl yfir eignarhald.*